

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Minni-Vellir 5, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 12. október 2022 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið frá 26. október 2021 þar sem skemma er færð út fyrir áður skilgreindan byggingarreit.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sælukot, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 12. október 2022 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið frá 7. júní 2013 þar sem núverandi byggingarreitur undir gestahús verði undir vélaskemmu. Byggingarreitur stækkar einnig úr 96,5 m² í 137,8 m².

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 17. október 2022.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.